

Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, miðvikudaginn 13.05.2020, kl. 18:00

Mættir: Brynja Baldursdóttir (BB), Erling Ásgeirsson (EÁ), Gunnar Berg Viktorsson (GBV), Heiðrún Jónsdóttir (HJ), Ingvar H. Ragnarsson (IHR), Sigurgeir Guðlaugsson (SG), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (PBS). Einnig sátu fundinn Baldvin Sturluson fjármálastjóri (BS) og Ása Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri (ÁIP) sem ritaði fundargerðina.

Forfallaðir:

Fundagerð:

Nýkjörinn formaður aðalstjórnar, SG, setti fundinn og stýrði.

SG bauð nýja aðalstjórn velkomna til starfa og þakkaði stjórnarmönnum fyrir að gefa kost á sér til setu í stjórn félagsins. Stjórn skipti með sér verkum svohljóðandi:

SG gerði að tillögu sinni að HJ yrði kosin varaformaður stjórnar. Tillagan var samþykkt einróma.

SG gerði að tillögu sinni að IHR yrði kosinn [tengiliður aðalstjórnar við fjármálastjóra félagsins]. Tillagan var samþykkt einróma.

Stjórn ræddi almennt um stöðu félagsins, samskipti deilda við aðalstjórn og skrifstofu, innbyrðis samskipti deilda, mikilvægi þess að horfa til framtíðar og verkefnin framundan.

Ákveðið var að setja upp fundadagskrá til næstu 12 mánaða þar sem miðað er við að stjórnarfundir verði haldnir fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. Þó var ákveðið að næsti fundur verði haldinn mánudaginn 25. maí kl. 17.15, þar sem framkvæmdastjóri mun kynna starfsemi félagsins og stöðu helstu verkefna. Framkvæmdastjóra var falið að boða til fundarins og senda kynningu og önnur gögn, þ.m.t. handbók Stjörnunnar og upplýsingar um afrekssjóð, á stjórn a.m.k. 24 klukkustundum fyrir fund.

Fleira var ekki gert og fundi var slitið kl. 19:00, Ritað ÁIP

